



Umsögn til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 1. ágúst 2023
2307153/600.00 SSF

Efni: Umsögn um umsókn um rallkeppnina Rallý Reykjavík að Sörlaholti þann 18. ágúst 2023.

Sveitarfélaginu hefur borist umsókn Magnúsar Þórðarsonar, f.h. Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, kt. 571177-0569, um að halda aksturskeppni á malarvegum á Glaðheimasvæðinu í Kópavogi. Í umsókn kemur fram að áætlað sé að keppendur aki tvær umferðir um merкта leið á malarvegum. Verði fyrri ferðin ræst af stað um kl. 19:30 en sú seinni kl. 20:00. Umsækjandi áætlar að ekki þurfi að loka öðrum götum eða göngustígum í nágrenninu en lokanir og gæsla yrði framkvæmd af sjálfboðaliðum skv. umsækjanda.

Í VI. kafla umferðarlaga nr. 77/2019 er að finna sérreglur um akstursíþróttir og aksturskeppnir og ráðherra hefur sett nánari ákvæði í reglugerð 507/2007 um hið sama. Keppnishaldari þarf fyrst og fremst að afla leyfis lögreglu fyrir keppninni en að auki þarf hann leyfi veghaldara, sem í þessu tilviki er Kópavogsbær. Með leyfisumsókn til lögreglu þarf keppnishaldari að láta fylgja umsögn aðildarfélags innan Akstursíþróttasambands Íslands þar sem farið er yfir mat á öryggisþáttum og tillögur um framkvæmd og eftirlit á keppnisstað skv. verklagsreglum ríkislögreglustjóra sem byggðar eru á alþjóðlegum reglum um akstursíþróttir. Áður en lögregla gefur út leyfið þá gefst Kópavogsbæ kostur á að koma að athugasemdum varðandi fyrirkomulag keppinnar.

Í reglugerð ráðherra er mælt fyrir um að við allan undirbúning og framkvæmd keppinnar þurfi að taka tillit til þess að keppnin og akstur keppenda valdi ekki öðrum verulegum óþægindum eða hættu eða skemmdum á vegi eða náttúruspjöllum en keppnishaldari sé ábyrgur fyrir skemmdum á vegum og öðrum mannvirkjum, svo og á náttúru. Þá skuli keppnishaldari leggja fram hæfilega tryggingu vegna ábyggðar á framkvæmd keppinnar ökutæki ábyggðartryggð. Keppnishaldari þurfi að kynna keppendum keppnisreglur og skilmála keppnisleyfis og lögregla geti stöðvað framkvæmd keppni fari keppnishaldari ekki eftir reglunum. Kostnaður vegna löggæslu og öryggisráðstafana sem lögregla metur nauðsynlegar séu á kostnað keppnishaldara.

Að því er sveitarfélagið snertir þá snýr umsóknin að leyfi til afnota af bæjarlandi, afmörkun þess og lokunar fyrir umferð annarra en leyfishafa og aðila á vegum leyfishafa.

Í september 2012 óskaði sami umsækjandi eftir samskonar leyfi fyrir sama svæði (Sjá mál 1209075). Umsóknin var á þeim tíma afgreidd sem framkvæmdaleyfi frá umhverfissviði. Þá virðist sem bænum hafi borist umsókn um sömu keppni ári síðar, árið 2013.

Umrætt svæði er samkvæmt gildandi aðalskipulagi í dag skráð miðsvæði fyrir verslunar-, þjónustu- og íbúðarhúsnæði og er það að hluta innan þróunarsvæðis 6. Á svæðinu voru staðsett hesthús Gusts sem fjarlægð hafa verið. Landið er í eigu Kópavogsbæjar, óbyggt og



gróðurvaxið að hluta skv. gildandi deiliskipulagi. Eftir því sem næst verður komist þá er enginn lóðarleigusamningur í gildi á svæðinu og hefur bærinn því full og ótakmörkuð umráð yfir svæðinu. Leyfi til afnota af svæðinu og lokun þess er þannig eingöngu á valdi bæjarins að ákveða.

Ekki hafa verið settar reglur í sveitarfélaginu um afnot af bæjarlandi en umsóknir um slíkt verið afgreiddar og leyfi gefin út eftir greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá. Lagt er til að málinu verði vísað til afgreiðslu sviðsstjóra umhverfissviðs til útgáfu leyfis í samræmi við umbeðin tímamörk í umsókn eftir greiðslu umsækjanda á tilheyrandi gjöldum skv. gjaldskrá umhverfissviðs.

Virðingarfyllst,

Steinn Sigríðar Finnbogason
Lögfræðingur